

TILSKIPUN RÁÐSINS 2002/54/EB

2005/EES/16/03

frá 13. júní 2002

um markaðssetningu sykkurófufræs (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 66/400/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykkurófufræja ⁽²⁾ hefur verið breytt oft og verulega að því er varðar efnisatriði ⁽³⁾. Til glöggvunar og hagræðingar skal téðri tilskipun af þeim sökum steipt saman í einn texta.
- 2) Framleiðsla á sykkurófum og fódursykkurófum (hér á eftir nefndar „sykkurófur“) er mikilvæg grein landbúnaðar í bandalaginu.
- 3) Viðunandi árangur í sykkurófnarækt veltur að miklu leyti á því að notað sé rétt fræ.
- 4) Meiri framleiðni næðist í sykkurófnarækt bandalagsins ef aðildarríkin beittu samræmdum reglum, sem væru eins strangar og unnt er, við val á yrkjum sem leyfilegt er að markaðssetja. Af þeim sökum er kveðið á um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði í tilskipun ráðsins 2002/53/EB ⁽⁴⁾.
- 5) Æskilegt er að tekið verði upp samræmt vottunarkerfi fyrir bandalagið á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur af beitingu slíkra kerfa í aðildarríkjunum og einnig hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Í tengslum við sameiningu innri markaðarins skal kerfi bandalagsins ekki að neinu leyti gefa

aðildarríkjunum færi á vika einhliða frá kerfinu þannig að það hindri frjálsan flutning fræs innan bandalagsins.

- 6) Almenn regla ætti að vera að leyfa einungis markaðssetningu sykkurófufræs, sem hefur verið opinberlega skoðað og vottað í samræmi við vottunarreglur, sem stofnfræ eða vottað fræ. Notkun heitanna „stofnfræ“ og „vottað fræ“ byggist á núverandi alþjóðlegri hugtakanotkun. Hægt á að vera, með ákveðnum skilyrðum, að setja á markað kynbætt fræ ætliða sem eru undanfari stofnfræs og ómeðhöndlaðs fræs.
- 7) Reglur bandalagsins skulu ekki gilda um fræ sem sannanlega á að flytja út til þriðju landa.
- 8) Til að bæta eiginleika sykkurófufræs í bandalaginu er nauðsynlegt að gera ákveðnar kröfur um fjölliðun, einkímun, liðun, hreinleika, spírunarhæfni og raka-innihald.
- 9) Til að tryggja að fræ sé ósvikið ber að setja reglur í bandalaginu um sýnatöku, umbúðir, lokun og merkingu. Í þessu skyni ættu nauðsynlegar upplýsingar að vera á merkimiðanum, bæði fyrir opinbera sannprófun og fyrir bóndann, þar sem greinilega kemur fram að vottunin er á vegum bandalagsins.
- 10) Setja skal reglur um markaðsetningu efnafræðilega meðhöndlaðs fræs og fræs, sem hentar við lífræna ræktun, og einnig um varðveislu yrkja sem eru í hættu vegna erfðatæringar sem stafar af notkun á staðnum.
- 11) Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. sáttmálans skal veita undanþágur við tiltekna aðstæður. Aðildarríki, sem nýta sér undanþágur, skulu veita hvert öðru stjórnsýslulega aðstoð að því er varðar skoðun.
- 12) Aðildarríkin skulu setja ákvæði um viðeigandi eftirlitskerfi til að tryggja að við markaðssetningu verði bæði farið að kröfum um gæði fræs og ákvæðum sem tryggja að fræið sé ósvikið.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 12. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 40/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 39, 31.7.2003, bls. 2.

⁽¹⁾ Álitum var skilað 9. apríl 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽²⁾ Stjtið. 125, 11.7.1966, bls. 2290/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/96/EB (Stjtið. EB L 25, 1.2.1999, bls. 27).

⁽³⁾ Sjá A-hluta í V. viðauka

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

13) Fræ, sem fullnægir þessum kröfum, skal ekki, með fyrirvara um 30. gr. sáttmálans, sæta neinum takmörkunum sem varða markaðssetningu, öðrum en þeim sem kveðið er á um í reglum bandalagsins.

Hún gildir ekki um sykkurófufræ sem sannanlega á að flytja út til þriðju landa.

2. gr.

14) Með fyrirvara um tiltekin skilyrði skal votta fræ sem fjölgað er í öðru landi af stofnfræi, sem hefur verið vottað í aðildarríki, eins og fræ sem hefur verið fjölgað í því aðildarríki.

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

15) Setja skal ákvæði um að markaðssetning innan bandalagsins á sykkurófufræi, sem er uppskorið í þriðju löndum, sé einungis heimil ef fræið uppfyllir sömu kröfur og fræ sem er opinberlega vottað í bandalaginu og samræmist reglum þess.

a) „markaðssetning“: sala, birgðahald með sölu í huga, söluframboð og öll ráðstöfun, afhending eða dreifing á fræi til þriðju aðila, sem miðar að nýtingu þess í ábataskyni, hvort heldur er gegn gjaldi eða ekki.

Viðskipti með fræ, sem miða ekki að nýtingu yrkisins í ábataskyni, svo sem eftirfarandi aðgerðir, skulu ekki teljast markaðssetning:

16) Á tímum þegar erfitt er að afla vottaðs fræs úr einhverjum flokkanna ber að leyfa tímabundna markaðssetningu fræs, sem vægari kröfur gilda um, og einnig fræs af yrkjum sem ekki eru skráð í sameiginlegu skrána yfir yrki eða í innlendu skrána yfir yrki.

— afhending á fræi til opinberra prófunar- og skoðunaraðila,

— afhending á fræi til þjónustuveitenda til vinnslu eða pökkunar, að því tilskildu að þjónustuveitandinn öðlist ekki eignarrétt yfir fræi sem er afhent á þann hátt.

17) Til að samræma tæknilegar vottunaraðferðir aðildarríkjanna og til að unnt sé að bera saman fræ sem er vottað í bandalaginu og fræ frá þriðju löndum ætti að láta samanburðarprófanir fara fram í aðildarríkjum svo að fram geti farið árleg eftirkönnun á fræi í flokknum „vottað fræ“.

Afhending á fræi með tilteknum skilyrðum til þjónustuveitenda fyrir framleiðslu á tilteknu landbúnaðarhræfni, sem er ætlað til iðnaðarnota, eða fræframleiðsla í sama tilgangi skal ekki teljast markaðssetning, að því tilskildu að þjónustuveitandinn fái hvorki eignarrétt yfir fræinu, sem er afhent á þann hátt, né uppskerunni. Sá sem afhendir fræið skal láta vottunaryfirvaldinu í té afrit af viðeigandi hlutum samningsins sem var gerður við þjónustuveitandann og þar skulu koma fram þeir staðlar og skilyrði sem fræið, sem afhent er, uppfyllir á þeim tíma.

18) Æskilegt er að skipuleggja tímabundnar tilraunir til þess að reyna að finna betri lausnir á tilteknum þáttum vottunarkerfisins sem samþykkt er samkvæmt þessari tilskipun.

Skilyrði fyrir beitingu þessa ákvæðis skulu ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 28. gr.,

19) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun ber að samþykkja í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.

b) „sykkurófur“: sykur- og fódursykkurófur af tegundinni *Beta vulgaris* L.,

20) Tilskipunin skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna um frest á lögleiðingu þeirra tilskipana sem settar eru fram í B-hluta V. viðauka.

c) „stofnfræ“: fræ

i) sem er ræktað á ábyrgð ræktunarmanns í samræmi við vel skilgreindar reglur um viðhald yrkis,

ii) sem er ætlað til fræframleiðslu í flokknum „vottað fræ“,

iii) sem, með fyrirvara um ákvæði 5. gr., uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka um stofnfræ, og

iv) sem við opinbera athugun reynist uppfylla áður nefnd skilyrði,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi tilskipun gildir um framleiðslu sykkurófufræs, sem á að setja á markað, og um markaðssetningu þess í bandalaginu.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- d) „vottað fræ“: fræ
- i) sem hefur verið ræktað beint af stofnfræi,
 - ii) sem er ætlað til ræktunar á sykurrófum,
 - iii) sem, með fyrirvara um ákvæði b-liðar 5. gr., uppfyllir skilyrði I. viðauka um vottað fræ, og
 - iv) — sem við opinbera athugun reynist uppfylla framangreind skilyrði, eða
 - sem, þegar um er að ræða skilyrðin sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka, reynist uppfylla þessi skilyrði, annaðhvort við opinbera athugun eða við athugun sem fer fram undir opinberu eftirliti,
- e) „einkímsfræ: arfbundið einkímsfræ,
- f) „tæknilega einkímað fræ“: fræ til að nota í sérstakri ráðsáningarvél og, eins og krafist er skv. bb- og cc-lið í b-lið 3. mgr. B-hluta I. viðauka, aðeins ein unglanta kemur upp af því ,
- g) „opinberar ráðstafanir“: ráðstafanir sem gerðar eru
- i) af ríkisvaldinu, eða
 - ii) lögaðila á vegum ríkisins, hvort sem hann lýtur opinberum rétti eða einkarétti, eða
 - iii) eiðsvörnum einstaklingi þegar um er að ræða viðbótarstarfsemi sem einnig er undir eftirliti ríkisins,
- að því tilskildu að þeir aðilar, sem um getur í ii- og iii-lið, hagnist ekki persónulega á slíkum ráðstöfunum,
- h) „lítlar EB-pakkningar“: pakkningar sem innihalda eftirfarandi vottað fræ:
- i) einkímsfræ eða tæknilega einkímað fræ: ekki fleiri en 100 000 klasar eða korn eða meira en 2,5 kg nettó, að frátöldum, eftir því sem við á, kornuðum varnarefnum, húðunarefnum eða öðrum aukefnum í föstu formi,
 - ii) annað fræ en einkímsfræ eða tæknilega einkímað fræ: ekki meira en 10 kg nettó, að frátöldum, eftir því sem við á, kornuðum varnarefnum, húðunarefnum eða öðrum aukefnum í föstu formi.

2. Hægt er að tilgreina og skilgreina mismunandi gerðir af yrkjum, einnig mismunandi þætti, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr., sem koma til greina til vottunar samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar.

3. Þegar athugun fer fram undir opinberu eftirliti, sem um getur í öðrum undirlið iv-liðar í d-lið 1. mgr. hér að framan, skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) skoðunarmenn skulu:
 - i) hafa nauðsynlega tæknimenntun,
 - ii) ekki hafa persónulegan ávinning af því að framkvæma skoðun,
 - iii) hafa opinbert leyfi frá frævottunaryfirvaldi viðkomandi aðildarríkis og þetta leyfi skal innihalda annaðhvort embættiseið skoðunarmanns eða undirskrifaða yfirlýsingu hans um að hann virði gildandi reglur um opinberar athuganir,
 - iv) framkvæma skoðun undir opinberu eftirliti í samræmi við gildandi reglur um opinbera skoðun,
- b) plönturnar á frækkrinum, sem skoða á, skulu ræktaðar af fræi sem hefur farið í gegnum opinbera eftirskoðun þar sem niðurstöður voru viðunandi,
- c) opinberir skoðunarmenn skulu hafa eftirlit með hluta plantnanna á frækkrinum. Sá hluti skal vera 10% af sjálffrævandi plöntum og 20% af víxlfrævandi plöntum eða 5% af sjálffrævandi tegundum og 15% af víxlfrævandi tegundum sem aðildarríkin láta fara í opinbera fræpröfun á rannsóknarstofu þar sem beitt er aðferðum sem styðjast við útlit, lífedisfræðilega þætti eða, ef við á, lífefnafræðilega þætti til að sanngreina yrkið og ákvarða hreinleika þess,
- d) setja skal hluta sýna úr framleiðslueiningum fræs, sem fæst af frækkrinum, í opinbera eftirskoðun og, ef við á, opinbera fræpröfun á rannsóknarstofu til að sanngreina yrki og ákvarða hreinleika þess.

Aðildarríkin skulu ákvarða viðurlög sem beita má við brotum á reglum fyrstu undirgreinar sem gilda um athuganir undir opinberu eftirliti. Viðurlögin, sem þau setja, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Viðurlög geta falið í sér að leyfið, sem um getur í iii-lið a-liðar fyrstu undirgreinar, sé tekið af skoðunaraðilum með opinbert leyfi sem hafa af ásettu ráði eða af vanrækslu brotið gegn reglum sem gilda um opinberar athuganir. Ef slík brot hafa átt sér stað skal ógilda vottun á fræinu sem var rannsakað nema hægt sé að sýna fram á að fræið uppfylli enn þá allar viðeigandi kröfur.

4. Unnt er að samþykkja frekari ráðstafanir sem grípa má til við athuganir undir opinberu eftirliti í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

Skilyrðin, sem sett eru fram í 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 89/540/EBE⁽¹⁾, skulu gilda þar til slíkar ráðstafanir hafa verið samþykktar.

(¹) Stjtið. EB L 286, 4.10.1989, bls. 24. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 96/336/EB (Stjtið. EB L 128, 29.5.1996, bls. 23).

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að ekki megi markaðssetja sykkurófufræ nema það hafi fengið opinbera vottun sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að opinberar athuganir á fræi fari fram í samræmi við gildandi, alþjóðlegar aðferðir að svo miklu leyti sem slíkar aðferðir fyrirfinnast.

4. gr.

Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að setja megi á markað:

— kynbætt fræ ættliðanna á undan stofnfræi, og

— ómeðhöndlað fræ, markaðssett til vinnslu, að því tilskildu að tryggt sé að fræið sé ósvikið.

5. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt þrátt fyrir ákvæði 3. gr. að

a) leyfa opinbera vottun og markaðssetningu á stofnfræi sem uppfyllir ekki skilyrði I. viðauka um spírunarhæfni. Í þessu skyni skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að birgirinn ábyrgist ákveðna spírunarhæfni sem hann tilgreinir við markaðssetningu á sérstökum merkimiða ásamt nafni sínu og heimilisfangi og tilvísunarnúmeri framleiðslueiningar,

b) leyfa, til að flýta fyrir afgreiðslu á fræi, að fræ úr flokkunum „stofnfræ“ eða „vottað fræ“ hljóti opinbera vottun og sé afhent fyrsta viðtakanda enda þótt ekki sé lokið opinberri athugun til að kanna hvort skilyrði I. viðauka um spírunarhæfni séu uppfyllt. Vottun fæst einungis við framvísun skýrslu um bráðabirgðagreiningu á fræinu og að því tilskildu að nafn og heimilisfang fyrsta viðtakanda sé tilgreint. Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að birgirinn ábyrgist þá spírunarhæfni sem fullvissa fæst um í bráðabirgðagreiningunni. Við markaðssetningu skal þessi spírunarhæfni tilgreind á sérstökum merkimiða ásamt nafni og heimilisfangi birgisins og tilvísunarnúmeri framleiðslueiningar.

Þessi ákvæði gilda ekki um innflutt fræ frá þriðju löndum, að undanskildum þeim tilvikum sem kveðið er á um í 22. gr. um fjölgun fræs utan bandalagsins.

Aðildarríkin, sem nýta sér undanþáguna, sem kveðið er á um annaðhvort í a- eða b-lið, skulu veita hvert öðru stjórn-sýslulega aðstoð að því er varðar eftirlit.

6. gr.

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. geta aðildarríkin heimilað framleiðendum á yfírráðasvæði sínu að markaðssetja:

a) lítið magn af fræi í vísindalegum tilgangi eða til samanburðarræktunar,

b) hæfilegt magn af fræi til annarra prófana eða tilrauna, að því tilskildu að það sé af yrkjum sem sótt hefur verið um að verði skráð í skrána í viðkomandi aðildarríki.

Sé um að ræða erfðabreytt efni má einungis veita slíkt leyfi ef allar viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá neikvæðum áhrifum á heilbrigði manna og umhverfið. Þess vegna gilda ákvæði 4. mgr. 7. gr. í tilskipun 2002/53/EB um mat á umhverfisáhættu sem unnið verður í þessu skyni.

2. Ákvarða skal í hvaða tilgangi veita má leyfið, sem um getur í b-lið 1. mgr., svo og ákvæði um merkingu pakkninga og magnið og skilyrðin fyrir því að aðildarríki geti veitt slíkt leyfi í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

3. Leyfi, sem aðildarríkin veita framleiðendum á yfírráðasvæði sínu fyrir 14. desember 1988 í þeim tilgangi sem settur er fram í 1. mgr., haldast í gildi þar til ákvæðin, sem um getur í 2. mgr., hafa verið fastsett. Eftir það skulu öll slík leyfi vera samkvæmt ákvæðunum sem eru sett í samræmi við 2. mgr.

7. gr.

Aðildarríkin mega, að því er skilyrði I. viðauka varðar, setja frekari eða strangari kröfur um vottun fræs sem er framleitt á yfírráðasvæði þeirra.

8. gr.

Aðildarríkin skulu kveða á um að farið sé með lýsingu erfðabundinna þátta sem trúnaðarmál fari ræktunarmáðurinn fram á það.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að við eftirlit með yrkjum og athugun á fræi til vottunar og athugun á sölufræi séu sýni tekin opinberlega með viðeigandi aðferðum.

2. Við athugun á fræi til vottunar skulu sýni tekin úr einseletri framleiðslueiningu. Hámarksþyngd framleiðslueiningar og lágmarksþyngd sýnis er gefin upp í II. viðauka.

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að stofnfræ og vottað fræ sé eingöngu markaðssett í nægilega einsleitum vörusendingum og innsigliðum pakkningum með lokunarbúnaði og merkingum eins og lýst er í 11., 12. og 13. gr., þ.e. þeirri sem er mest viðeigandi.

2. Þegar lítið magn er selt til neytenda mega aðildarríkin kveða á um undanþágur frá ákvæðum 1. mgr. að því er varðar pakkningar, lokun og merkingu.

11. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að pakkningar stofnfræs og vottaðs fræs, nema þegar fræ í síðari flokknum eru í formi lítilla EB-pakkinga, séu innsiglaðar opinberlega eða undir opinberu eftirliti þannig að innsiglið eyðileggist þegar þær eru opnaðar eða ummerki sjáist annaðhvort á opinbera merkimiðanum, sem kveðið er á um í 12. gr., eða á pakkingunum.

Til að tryggja að pakkningarnar séu lokaðar skal a.m.k. annaðhvort fyrirnefndur merkimiði eða opinbert innsigli vera á lokunarbúnaðinum.

Þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í annarri undirgrein, eru ekki nauðsynlegar fyrir einnota lokunarbúnað.

Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 28. gr., er hægt að sannreyna hvort tiltekinn lokunarbúnaður uppfyllir ákvæði þessarar málsgreinar.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess, nema fyrir litlar EB-pakkingar, að pakkningar séu ekki endurinnsiglaðar, hvorki einu sinni né oft, nema opinberlega eða undir opinberu eftirliti. Ef pakkningar eru endurinnsiglaðar skal tilgreina það, svo og daginn þegar það var síðast gert og yfirvaldið sem ber ábyrgð á því, á merkimiða skv. 12. gr.

3. Aðildarríkin skulu krefjast þess að litlum EB-pakkingum sé lokað þannig að innsiglið eyðileggist þegar þær eru opnaðar eða ummerki sjáist annaðhvort á opinbera merkimiðanum eða pakkingunni. Í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 28. gr. er hægt að sannreyna hvort tiltekið innsigliskerfi er í samræmi við ákvæði þessarar málsgreinar. Ekki skal endurinnsigla pakkningar, hvorki einu sinni né oft, nema undir opinberu eftirliti.

12. gr.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að pakkningar stofnfræs og vottaðs fræs, nema í þeim tilvikum þegar fræ í síðari flokknum er í formi lítilla EB-pakkinga:

a) séu merktar að utan með opinberum merkimiða, sem hefur ekki verið notaður áður og sem uppfyllir skilyrði

A-hluta III. viðauka og upplýsingarnar séu á einhverju opinberu tungumáli bandalagsins. Merkimiðinn skal vera hvítur fyrir stofnfræ og blár fyrir vottað fræ. Þegar notaður er merkimiði með gati skal festing hans í öllum tilvikum tryggð með opinberu innsigli. Ef stofnfræ uppfyllir ekki skilyrði I. viðauka um spírunarhæfni, sbr. a-lið 5. gr., skal það koma fram á merkimiðanum. Notkun opinberra límmiða er heimiluð. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 28. gr., má heimila prentun tilskilinna upplýsinga með óafmáanlegu bleki á pakkingarnar, undir opinberu eftirliti og samkvæmt fyrirmynd merkimiðans,

b) innihaldi opinbert skjal, í sama lit og merkimiðinn, með a.m.k. þeim upplýsingum sem eiga að vera á merkimiðanum skv. 3., 5., 6., 11. og 12. lið I. liðar A-hluta í III. viðauka. Þetta skjal skal vera þannig úr garði gert að ekki sé hægt að rugla því saman við opinbera merkimiðann sem um getur í a-lið. Skjalið er óþarft ef upplýsingarnar eru prentaðar á pakkingarnar með óafmáanlegu bleki, sbr. ákvæði a-liðar, eða notaður er límmiði eða miði úr efni sem rifnar ekki.

13. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að utan á litlum EB-pakkingum:

a) sé, í samræmi við B-hluta III. viðauka, merkimiði birgis eða prentaðar eða stimplaðar upplýsingar á einu af opinberum tungumálum bandalagsins. Merkimiðann má setja innan á gegnsæjar pakkningar svo framarlega sem hægt er að lesa á hann í gegnum þær. Merkimiðinn skal vera hvítur fyrir stofnfræ og blár fyrir vottað fræ,

b) eða á merkimiða birgis, sem kveðið er á um í a-lið, sé raðnúmer sem opinber yfirvöld úthluta. Ef opinber merkimiði er notaður skal hann vera hvítur fyrir stofnfræ og blár fyrir vottað fræ. Setja má nánari reglur um að setja raðnúmerið á í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

2. Aðildarríkin geta krafist þess að opinber límmiði með öllum eða hluta upplýsinganna, sem mælt er fyrir um í B-hluta III. viðauka, sé notaður til að merkja litlar EB-pakkingar sem eru útbúnar á yfirráðasvæði þeirra. Svo framarlega sem upplýsingarnar koma fram á slíkum miða er ekki þörf fyrir merkinguna sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr.

14. gr.

Aðildarríkin geta, samkvæmt beiðni, kveðið á um að merkja skuli og innsigla litlar EB-pakkingar opinberlega eða undir opinberu eftirliti í samræmi við 1. mgr. 11. gr. og 12. gr.

15. gr.

Aðildarríkjunum ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, að því er varðar litlar pakkningar með vottuðu fræi, að hægt sé að ganga úr skugga um að fræ sé ósvikið, einkum við skiptingu framleiðslueiningar. Í þessu skyni mega þau krefjast þess að litlar pakkningar sem gengið er frá á yferráðasvæði þeirra séu innsiglaðar opinberlega eða undir opinberu eftirliti.

16. gr.

1. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 28. gr., er hægt að ákveða að í öðrum tilvikum en þeim sem þegar hefur verið kveðið á um í þessari tilskipun skuli merkimiði birgis vera á pakkningum með hvers konar stofnfræi eða vottuðu fræi (sem getur verið annaðhvort merkimiði, aðskilinn frá opinbera merkimiðanum, eða upplýsingar frá birgi sem eru prentaðar á pakkninguna sjálfa). Upplýsingarnar, sem eiga að koma fram á slíkum merkimiða, skulu einnig ákveðnar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

2. Merkimiðinn, sem um getur í 1. mgr., skal þannig úr garði gerður að ekki sé hægt að rugla honum saman við opinbera merkimiðann sem um getur í 12. gr.

17. gr.

Þegar um er að ræða fræ af erfðabreyttu yrki skal tilgreina á skýran hátt á hverjum merkimiða eða skjali, opinberu eða annars konar, sem er fest á eða fylgir með framleiðslueiningu fræsins samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, að yrkið sé erfðabreytt.

18. gr.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að hvers kyns efnameðhöndlun stofnfræs eða vottaðs fræs sé tilgreind annaðhvort á opinbera merkimiðanum eða merkimiða birgisins og utan á pakkningunni eða innan á henni.

19. gr.

Með það fyrir augum að finna betri valkosti í stað tiltekinna ákvæða í þessari tilskipun er hægt að taka ákvörðun um að skipuleggja tímabundnar tilraunir samkvæmt sérstökum skilyrðum innan bandalagsins í samræmi við ákvæðin sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

Við slíkar tilraunir er heimilt að losa aðildarríkin undan ákveðnum skyldum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Umfang slíkra tilslakana skal ákveðið með hliðsjón af þeim ákvæðum sem um er að ræða. Tilraun skal ekki standa lengur yfir en í sjö ár.

20. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ, sem er sett á markað samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, hvort heldur er skyldubundið eða að eigin ákvörðun, sé ekki háð neinum

markaðstakmörkunum, að því er varðar eiginleika þess, kröfur um athugun, merkingu og innsigli, öðrum en þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eða einhverjum öðrum.

21. gr.

Skilyrði fyrir því að setja megi kynbætt fræ af ættliðum á undan stofnfræinu á markað samkvæmt fyrsta undirlið 4. gr. skulu vera sem hér segir:

- a) fræið skal hafa fengið opinbera skoðun hjá þar til bæru vottunaryfirvaldi í samræmi við gildandi ákvæði um vottun stofnfræs,
- b) fræið skal vera í pakkningu í samræmi við þessa tilskipun, og
- c) á pakkningunum skal vera opinber merkimiði þar sem fram koma a.m.k. eftirtaldir upplýsingar:

— vottunaryfirvald og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,

— tilvísunarnúmer framleiðslueiningar,

— innsiglanarmánuður og -ár, eða

— mánuður og ár síðustu opinberu sýnatöku vegna vottunar,

— tegund, tilgreind a.m.k. með latnesku letri með grasafræðiheiti sínu, sem má vera stytt heiti og án höfundarnafns, eða með almennu heiti eða hvort tveggja. Tilgreina þarf hvort um er að ræða sykurrófur eða fôðursykurrófur,

— yrki, tilgreint a.m.k. með latnesku letri,

— lýsingin „grundvallarfræ“,

— fjöldi ættliða á undan fræi sem er í flokknum „vottað fræ“.

Merkimiðinn skal vera hvítur með fjólubláu skástriki.

22. gr.

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að sykurrófufrae:

— sem framleitt er beint af stofnfræi sem er vottað opinberlega í einu eða fleiri aðildarríkjunum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt skv. b-lið 1. mgr. 16. gr., og

— sem uppskorið hefur verið í öðru aðildarríki,

skuli, samkvæmt beiðni og með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 2002/53/EB, vera vottað opinberlega sem vottað fræ í hvaða aðildarríki sem er, hafi fræið verið skoðað á akri

í samræmi við skilyrðin, sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka fyrir viðkomandi flokk og komið hafi fram við opinbera athugun að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í B-hluta I. viðauka um sama flokk, séu uppfyllt.

Þegar fræ er framleitt beint af opinberlega vottuðu fræi af ættliðum á undan stofnfræi mega aðildarríkin einnig heimila opinbera vottun sem stofnfræ ef skilyrði, sem mælt er fyrir um þann flokk, eru uppfyllt.

2. Sykkurófufrae, sem hefur verið uppskorið í bandalaginu og á að votta í samræmi við 1. mgr., skal:

— vera í pakkningum og merkt með opinberum merkimiða sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í A- og B-hluta IV. viðauka í samræmi við 1. mgr. 11. gr., og

— því skal fylgja opinbert skjal sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í C-hluta IV. viðauka.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðunum í fyrsta undirlið um pökkun og merkingu ef það eru sömu yfirvöld sem annast akurskoðun, útbúa vottunarskjöl vegna fræs, sem hefur ekki verið vottað endanlega, og annast vottun eða ef þessi yfirvöld eru sammála um að veita undanþágu.

3. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um að sykkurófufrae:

— sem framleitt er beint af stofnfræi sem er vottað opinberlega í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt skv. b-lið 1. mgr. 23. gr., og

— sem uppskorið hefur verið í þriðja landi,

skuli, samkvæmt beiðni, vera opinberlega vottað sem vottað fræ í einhverju þeirra aðildarríkja þar sem vottaða fræið var annaðhvort ræktað eða opinberlega vottað, hafi fræið verið skoðað á akri í samræmi við skilyrðin, sem mælt er fyrir um í ákvörðun um jafngildi skv. a-lið 1. mgr. 23. gr. fyrir viðkomandi flokk og komið hafi fram við opinbera athugun að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í B-hluta I. viðauka um sama flokk, séu uppfyllt. Önnur aðildarríki mega einnig heimila opinberlega vottun slíks fræs.

23. gr.

1. Að tillögu framkvæmdastjórnarinnar skal ráðið ákvarða með auknum meirihluta hvort:

a) akurskoðanir í þriðja landi, í því tilviki sem kveðið er á um í 22. gr., uppfylli skilyrði A-hluta I. viðauka,

b) sykkurófufrae, sem er uppskorið í þriðja landi og uppfyllir sömu kröfur um eiginleika, fyrirkomulag athugana, að ósvikni fræs sé óbyggjandi og um merkingu og

eftirlit, sé í þessu tilliti jafngilt stofnfræi eða vottuðu fræi sem er uppskorið innan bandalagsins og samræmist ákvæðum þessarar tilskipunar.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um hvert nýtt aðildarríki frá og með þeim degi sem það fær aðild þar til það samþykkir nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari.

24. gr.

